

Matsblað

Markaðsstyrkur

Girðingar - Lágmarkskröfur til að umsókn fái fullt mat í fagráði

- Verkefnið er innan starfssviðs sjóðsins
- Verkefnið uppfyllir skilyrði viðkomandi styrkjaflokks
- Þróun afurðar er komin nógum langt til að réttlæta markaðsstyrk
- Umsókn stenst formkröfur sjóðsins (sbr. kafli 9 í reglum sjóðsins)
- Eftirfarandi atriði í umsókn eru fullnægjandi:
 - Lýsing á stöðu markaðar og verðmæti afurðar?
 - Verk-, tíma- og kostnaðaráætlun?
 - Útreikningar og forsendur þeirra í excel skjali (á bara við vöxt/Sprett)

Lokaeinkunn fagráðs er gefin í bókstöfum:

| Einkunn | Skýringar |
|------------------|---|
| A (A1, A2 og A3) | Góð umsókn með enga eða litla veikleika |
| B | Umsókn með umtalsverða veikleika |
| F | Umsókn sem fellur á girðingu Umsókn sem hefur meiriháttar veikleika Umsókn sem fellur á lágmarks þepi í matsliðum |

Vægi á matsþáttum:

| Matsgildi | Markaðsstyrkur |
|-----------|----------------|
| Nýnæmi | 30% |
| Áhrif | 50% |
| Framkvæmd | 20% |

Hér að neðan má sjá matsgildi fyrir umsóknir í markaðsstyrk. Áhersla er lögð á að meta nýnæmi og áhrif afurðar og framkvæmd verkefnisins.

1. Nýnæmi

1.1. Nýnæmi – markaður og þarfir (umsókn þarf að ná að lágmarki „Takmarkað markaðslegt nýnæmi“ til að standast mat)

| Markaðslegt nýnæmi skortir | Takmarkað markaðslegt nýnæmi | Mikið markaðslegt nýnæmi | | |
|----------------------------|--|--|---|--|
| Engin breyting. | Mætir nokkuð vel þekktri þörf á þekktum markaði. | Mætir nýlegri þörf á þekktum markaði. Mætir nýrri þörf á þekktum markaði. | Mætir þörf á nýlegum markaði sem er í mótu. | Mætir nýrri eða áður óleystri þörf á heimsvísu, markaður hefur enn ekki myndast. |

2. Áhrif

2.1. Velta á markaði (umsókn þarf að ná að lágmarki „Nokkur velta“ til að standast mat)

| Lítill velta | Nokkrur velta | Mikil velta | | | |
|---------------------------------------|--|---|--|--|---|
| Mjög litlir tekjumöguleikar af afurð. | Litlir tekjumöguleikar eru af afurð á markaði. Samkeppni er mikil og afurð bætir litlu við það sem er þegar á markaði. | Nokkrir tekjumöguleikar eru af afurð á markaði. Markaður líttill og/eða mikil samkeppni er á markaði. | Frekar góðir tekjumöguleikar eru af afurð á markaði. Markaður líttill og/eða veruleg samkeppni er á markaði. | Góðir tekjumöguleikar eru af afurð á markaði. Markaður stór og/eða lítil samkeppni er á markaði. | Miklir tekjumöguleikar eru af afurð á markaði. Markaður stór og/eða lítil eða engin samkeppni er á markaði. |

2.2. Veltumarkmið og forsendur þeirra (umsókn þarf að ná að lágmarki „Nokkrar líkur“ til að standast mat)

| Litlar líkur | | Nokkrar líkur | | Miklar líkur | |
|---|--|---|--|--|--|
| Mjög litlar líkur á að verðmæti náist. Óraunhæfar væntingar til verðmætasköpunar. | Líkur á að verðmæti náist eru litlar á grundvelli upplýsinga í umsókn eða forsendum ábótavant. | Líkur á að verðmæti náist eru nokkrar og grundvöllur þeirra nokkuð trúverðugur. | Talsverðar líkur á að verðmæti náist og grundvöllur þeirra að mestu leyti trúverðugur. | Góðar líkur á að verðmæti náist og grundvöllur þeirra trúverðugur. | Líkur á að verðmæti náist mjög góðar. Ítarlegar og trúverðugar forsendur í umsókn. |

2.3. Gildi fyrir innlenda notendur afurðarinnar

| Lítill verðmæti | Nokkur verðmæti | Mikil verðmæti | | | |
|--|---|---|---|--|---|
| Engin hagræðing eða velta skapast hjá notendum afurðarinnar. | Lítill hagræðing eða velta getur skapast hjá notendum afurðarinnar. | Nokkur hagræðing eða velta getur skapast hjá notendum afurðarinnar. | Talsverð hagræðing eða velta getur skapast hjá notendum afurðarinnar. | Mikil hagræðing eða velta getur skapast hjá notendum afurðarinnar. | Mjög mikil hagræðing eða velta getur skapast hjá notendum afurðarinnar. |

2.4. Líkur á að bolmagn og tengsl til að hagnýta niðurstöður á markaði séu til staðar eða hægt sé að skapa þær forsendur samkvæmt upplýsingum í umsókn.

| Litlar líkur | Nokkrar líkur | Miklar líkur | | | |
|--|---|--|---|--|---|
| Mjög litlar líkur á að hagnýta niðurstöður á markaði. Bolmagn, tengsl eða aðrar forsendur ekki til staðar. | Litlar líkur á að hagnýta niðurstöður á markaði. Bolmagni, tengslum eða öðrum forsendum töluvert ábótavant. | Nokkrar líkur á að hagnýta niðurstöður á markaði. Bolmagn, tengsl og aðrar forsendur að nokkru leyti til staðar. | Talverðar líkur á að hagnýta niðurstöður á markaði. Bolmagn, tengsl og aðrar forsendur að mestu leyti til staðar. | Góðar líkur á að hagnýta niðurstöður á markaði. Bolmagn, tengsl og aðrar forsendur til staðar. | Mjög góðar líkur á að hagnýta niðurstöður á markaði. Bolmagn, tengsl og aðrar forsendur að öllu leyti til staðar. |

3. Framkvæmd

3.1. Verk-, tíma- og kostnaðaráætlun (umsókn þarf að ná að lágmarki „Áætlun er frekar raunhæf“ til að standast mat)

| Áætlun er óraunhæf | Áætlun er frekar raunhæf | Áætlun er raunhæf | | | |
|--|---|---|---|---|--|
| Mjög litlar líkur á að verkefnið klárist í samræmi við áætlun. Forsendur og bolmagn skortir. | Litlar líkur á að verkefnið klárist í samræmi við áætlun. Forsendum og bolmagni töluvert ábótavant. | Nokkrar líkur á að verkefnið klárist í samræmi við áætlun. Forsendum og bolmagni ábótavant. | Talsverðar líkur á að verkefnið klárist í samræmi við áætlun. Forsendur og bolmagn að mestu til staðar. | Góðar líkur á að verkefnið klárist í samræmi við áætlun. Allar forsendur og bolmagn til staðar. | Mjög góðar líkur á að verkefnið klárist í samræmi við áætlun. Allar forsendur og bolmagn til staðar. |